


Reglur um mengunarmörk

og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum




Ávallt skal leitast við að hafa mengun af hættulegum efnum í lágmarki.

Mengunarmörk eru sett til að hindra að mengun í andrúmslofti starfsmanna fari yfir leyfileg mörk.

Mengunarmörk segja því til um hæstu leyfilegu meðaltalsmengun sem talið er að megi vera í andrúmslofti starfsmanna yfir 8 stunda vinnudag.

Atvinnurekandi skal

- kanna hvort mengun er yfir eða undir mörkum, leiki vafi á hve mikil mengunin er
- grípa strax til aðgerða til að draga úr mengun ef mengun er yfir mörkum



Fyrirmæli um aðgerðir

Í reglunum eru fyrirmæli um fyrirbyggjandi aðgerðir eða aðgerðir til að draga úr mengun. Einnig eru upplýsingar um í hvaða röð aðgerðunum skal beitt.

Eftir að aðgerðir hafa verið framkvæmdar á að mæla mengun til að kanna hvort þær séu fullnægjandi.

Í viðauka er að finna

- skrá um mengunarmörk ýmissa hættulegra efna og efnasambanda,
- lista yfir ofnæmisvaldandi efni,
- leiðbeiningar með reglunum þar sem fjallað er um hvernig mengunarmörk eru notuð, áhrif efna, aðgerðir til að draga úr mengun og notkun öndunargrímna.

Reglurnar (nr. 154/1999) fást hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðu þess.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bildshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is